

AUGLÝSING**um sölu skotelda í smásölu.**

Í 9. gr. laga nr. 46/1977 um skotvopn, sprengiefni og skotelda segir: „Enginn má versla með skotvopn, skotfæri, sprengiefni eða skotelda, hvort sem er í heildsölu eða smásölu nema með leyfi dómsmálaráðuneytisins.

Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjórum að veita leyfi til sölu skotelda í smásölu“.

Með vísun til framangreindrar heimildar hefur dómsmálaráðherra ákveðið að fela lögreglustjórum að veita þau leyfi til sölu skotelda í smásölu, sem um ræðir í reglugerð nr. 258 1964 um sölu og meðferð á flugeldum og öðrum skoteldum.

Meðan eigi hefur verið sett reglugerð um sölu og meðferð skotelda á grundvelli laga nr. 46/1977, skal auk ákvæða þeirra um skotelda fylgt ákvæðum reglugerðar nr. 258/1964 að því leyti sem þau ákvæði eiga enn við.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 18. nóvember 1977.

F. h. r.

Baldur Möller.

Þorleifur Pálsson.

Nr. 412.

2. nóvember 1977.

AUGLÝSING**um umferð á Akranesi.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akranesskaupstaðar, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akranesi:

1. Garðabraut skal hafa aðalbrautarrétt frá hringtorgi að Akrafjallsvegi.
2. Garðagrund skal hafa aðalbrautarrétt gagnvart Bjarkargrund, Furugrund, Grenigrund, Reynigrund og Víðigrund.

Reglur þessar koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð á Akranesi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

Bæjarfógetinn á Akranesi, 2. nóvember 1977.

Björgvin Bjarnason.

Nr. 413.

15. nóvember 1977.

AUGLÝSING**um afgreiðslutíma Nes Apóteks, Neskaupstað.**

Samkvæmt heimildum í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972, skal afgreiðslutími Nes Apóteks, Neskaupstað, á tímabilinu 1. nóvember 1977—1. apríl 1978, vera sem hér segir: